



Minnisblað

Umhverfis- og framkvæmdaráð
Hafnarfjarðarbæ

9. október 2012

Tílefni

Akstur leið 43

Höfundur

Einar Kristjánsson

Yfirfarið

LEIÐABREYTING 12. ÁGÚST 2012

Þann 12. ágúst 2012 voru leiðabreytingar framkvæmdar í innanbæjarakstri Hafnarfirði. Meginbreytingin fólst í því að akstur leiða 22, 33 og 34 hættir kl. 13 og akstur frístundaleiða á leiðum 43 og 44 tekur við og aka þær leiðar fram eftir kvöldi og alla laugardaga og sunnudaga. Þessi breyting hafði verið kynnt nokkrum sinnum – bæði fyrir Umhverfis- og framkvæmdaráði auk bæjarráðs.

Tillaga Strætó bs. sem var samþykkt miðar að því að aka frístundaleiðirnar alltaf réttisælis hring og hafa vagninn þannig „réttu“ megin við frístundir og skóla til að tryggja það að börn og ungmenni væru ekki að ferðast yfir stærri vegi til að fara úr vagni eða í vagn.

Í þessum breytingum fólst einnig að leið 43 ekur frá Hjallabraut, inn Breiðvanginn og framhjá Engidalsskóla og svo aftur út á Hjallabraut til austurs. Vitað var að Engidalsskóli hefði einungis yngri börn í skólanum og þess vegna var hugsunin sú að koma í veg fyrir að yngri börnin í hverfinu þyrftu að fara yfir Hjallabraut til að komast í og úr vagni. Eftir á að hyggja hefði verið betra að hætta þessari þjónustu eftir frístundatíma, þ.e. að aka ekki þennan hring um Breiðvang ákvöldin og um helgar.

NIÐURSTÖÐUR FARÞEGATALNINGA EFTIR BREYTINGAR

Ljóst er að miðað við farþegatalningar undanfarinna ára hefur aukning á notkun innanbæjarvagna verið gríðarleg og líklega umfram björtustu vonir allra sem að baki þessari breytingu standa.

Meðaltalsfjöldi farþega fyrir hvern virkan dag á hverri leið er:

- Leið 22: 91 farþegar
- Leið 33: 106 farþegar
- Leið 34: 134 farþegar
- Leið 43: 190 farþegar
- Leið 44: 287 farþegar



Samtals eru þetta að meðaltali 809 farþegar á þessum leiðum samanborið við 539 farþega árið 2011 og svarar þetta til 50,1% aukningar á milli ára. Þetta eru tölur sem ekki hafa sést í fjölda ára í hverfisleiðum í Hafnarfirði.

Einnig má geta þess að af 190 innstigum á leið 43 eru 14 á Breiðvangshringnum eða 7,5% af heildinni og af 194 útstigum á leið 43 eru 21 þeirra á Breiðvangshringnum eða 10,8%. Ekki hefur gefist tími til að greina á hvaða tímum þessir farþegar eru á ferðinni en við snögga skoðun er ljóst að meiri hluti þeirra er á frístundatíma.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM

Lagt er til að ein af eftirfarandi tillögum verði samþykktar.

Akstur verði óbreyttur

Strætó bs. ráðleggur ekki að þessi leið verði farin. Vegna þeirrar andstöðu sem hefur verið vegna aksturs leiðar 43 um Breiðvang og í ljósi þess að markmiðið var fyrst og fremst að ná í yngri börn í hverfinu fyrir frístundir og skila þeim heim aftur teljum við ekki þörf fyrir þennan akstur á kvöldin og um helgar.

Hætta akstri á kvöldin og um helgar

Sem fyrstu aðgerð telur Strætó bs. þetta vera ákjósanlegustu leiðina til bráðabirgðarlausnar. Lagt er til að síðasta ferðin verði kl. 19:52 frá Firði en það er síðasta ferðin sem er ekin á 15 mínútna tíðni. Ferðin sem fer þá kl. 20:22 frá Firði aki þar með ekki Breiðvanginn.

Akstur eftir Skjólvangi, Herjólfsbraut, Norðurvangi og Breiðvangi á dagtíma

Þetta er tillaga sem ekki hefur komið fram áður en með þessari tillögu næst nærþjónusta við Hrafnistu allan daginn og akstu um Breiðvang minnkar umhelling. Ekki verðu ekið um bílastæðið við Engidalsskóla þó svo að ennþá verði ekið inn í hverfið og þar með gefin nærþjónusta á frístundatímanum.

Þessi akstur væri í gangi á dagtíma eins og ofan.

Ekki er vitað hver viðbrögðin verði frá íbúum Norðurvangs en reikna má með að þau verði einhver.

Hætta akstri alfarið inn að Breiðvangi

Þetta er sú lausn sem Strætó bs. mælir síst með af nýjum lausnum þar sem talningar sýna að notkun leiða í Breiðvangi er allnokkur. Ef þetta verður niðurstaðan er þó ljóst að hægt er að aka eftir Skjólvangi fram og til baka til að gefa Hrafnistu þjónustu allan daginn.